

Sp.

79. Tillaga til þingsályktunar

[55. mál]

um æskulýðshöll í Reykjavík.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, í samvinnu við Reykjavíkurbæ og Bandalag æskulýðsfélaganna í Reykjavík, að hafin verði hið bráðasta bygging æskulýðshallar í Reykjavík.

Greinargerð.

„I want you to meet my best girl-friends“, sagði ung stúlka, sem kom inn í eina af hinum svokölluðu sjoppum Reykjavíkur, og orðin útleggjast eitthvað á þessa leið: „Leyfið mér að kynna ykkur fyrir beztu vinstúlkum mínum.“ Það stóðu þrjár stúlkur fyrir aftan hana, allar á sama reki og hún, sú elzta kannske 16 ára, sú yngsta varla 15. Ávarpinu var beint að fjórum bandarískum hermönnum, sem sátu þarna við borð. Þeir kváðust fagna því mjög að mega kynnast þessum stúlkum. Síðan settust þær hjá þeim; það var dálítið þröngt fyrir svona marga við eitt borð, en menn virtust sætta sig furðu vel við það; og innan stundar ríkti auðsæilega almenn ánægja í samkvæminu.

Þetta gerðist kvöld eitt fyrir fáum dögum. Og atburðir slíkir sem þessi eiga sér stað á hverju kvöldi. Flm. tillögunnar hefur sjálfur verið vitni að þeim. — Það eru aðallega tvær sjoppur við Laugaveg, sem sóttar eru af hermönnum. Og þangað leita stúlkurnar til fundar við þá. Þær, sem þegar eru komnar í kynni við hermenn, taka vinstúlkur sínar með og vísa þeim í félagsskapinn. Oft mun áfengi haft um hönd. Og hermennirnir halda áfram að eignast nýjar vinstúlkur, sem kannske voru ekki fermdar fyrr en um það bil sem landið var hernumið, í vor sem leið.

Síðustu vikurnar mun þó hafa borið nokkru minna á því en áður, að stúlkur, sem ekki hafa aldur til (yngri en 16 ára), sætu með hermönnum í sjoppunum. Flm. hefur rætt það atriði og fleiri varðandi þetta mál við Þorkel Kristjánsson, eftirlitsmann barnaverndarnefndar. Hann kveður ástæðuna vera þá, að eftirlitið á þessum stöðum sé nú harðara nokkuð en það var. Þar með sé þó alls ekki sagt, að lokið sé samskiptum þessara stúlkna og hermanna. Þvert á móti bendi flest til þess, að þau samskipti séu nú orðin enn þá nánari, þar eð stúlkurnar sækja upp á síðkastið miklu meira beint í samkvæmi hermanna suður á Keflavíkurflugvelli, enda munu þar hafa verið teknir í notkun nýir og vandaðri samkomustaðir fyrir dans og aðra slíka skemmtun. Það styður einnig þessa skoðun, að ekki virðist ýkja strangt eftirlitið með stúlkum þeim, sem inn á völinn fara, og nefnir Þorkell það sem dæmi, að fyrir skömmu yfirheyrði hann 15 ára gamla stúlku, sem verið hafði með hermönnum á Keflavíkurflugvelli, og kvaðst hún ekki hafa orðið vör við aðrar hömlur á aðgangi að hermanskálahverfinu fyrir sig og sínar stallsystur en þá eina, að þær yrðu að tilgreina einhvern hermanna, sem þær hygðust heimsækja. Er hér vissulega um að ræða atriði, sem eitt út af fyrir sig gefur ærið tilefni til náinnar ihugunar.

Annars er alvara þessa máls ekki einskorðuð við stúlkur undir 16 ára aldri, heldur snertir hún ungar stúlkur yfirleitt, enda ekki þar með sagt, að siðferðið sé úr hættu, þó að náð sé þeim aldri.

Það er í fáum orðum skoðun Þorkels Kristjánssonar, að kynni þau, sem takast með íslenskum stúlkum og bandarískum hermönnum í sjoppunum, séu yfirleitt upphaf miklu nánari kunningssskapar, sem eigi sér stað á öðrum vettvangi, víðs vegar um bæinn og mest þó suður á sjálfum Keflavíkurflugvelli. Um það, sem þar gerist, er hins vegar enginn eftirlitsmaður til frásagnar.

En hvaða ráðum skal þá beita í þessum efnum?

Fyrst eftir að hermennirnir fóru að koma í bæinn, voru þeir látnir safnast til brottferðar á kvöldin í Lækjargötu, hjá garðinum, sem kenndur er við Móðurást. En vegna almennra mótmæla íbúanna í næstu húsum, sem þótti nóg um framferði hermanna og þeirra stúlkna, sem þangað söfnuðust til að kveðja þá, var brottfararstaður þeirra fljótlega færður niður í Tryggvagötu. Ef til vill finnast þeir menn, sem vilja leysa málið í heild með einhverju svipuðu ráði, fjarlægja meinið úr augsyn almennings og láta þar við sitja. Og með þessu mætti vissulega komast hjá að særa um of eðlilegar siðgæðistilfinningar fólks. En það væri engin lækning á meininu. Sú spilling, sem viðgengst á fjölfarinni gangstétt Lækjargötu, minnkar ekki við að færast nær vöruskemmum hafnarinnar. Svo og svo mikið eftirlit í þessum efnum, — sem aldrei getur þó orðið nema mjög takmarkað, — er ekki það ráð, sem duga má. Við erum engu nær lausn á málinu, þótt fyrirbyggt sé, að stúlkur undir 16 ára aldri sitji með hermönnum í sjoppunum. Eða hvaða þýðingu hefur að stífla strauminn á einum stað, þegar það verður til þess eins, að hann flæðir yfir á öðrum? Það er sízt betra að vita af stúlkunum á leynifundum með hermönnum í húsaskotum og á Keflavíkurflugvelli heldur en í allra augsyn í sjoppunum. — Auk þess eru — sem fyrr segir — stúlkur undir 16 ára aldri ekki nema brot af þeim fjölda stúlkna, sem illa eru á vegi staddar í þessum efnum. — Nei. „Á skal að ósi stemma.“ Það verður að koma í veg fyrir, að ungar íslenskar stúlkur freistist til að leita í félagsskap hermanna.

Öll spilling á sér sínar samfélagsorsakir. Ung stúlka gerist ekki lauslætisdrós af því, að slíkt sé fyrst og fremst hennar eðli. Hrösun er ekki viljaverk, heldur ógæfa, sem orsakast af kringumstæðum. Þegar svo ótrúlegir hlutir gerast, að unglingsstúlkur, 14, 15, 16 og 17 ára, leggja lag sitt við útlenda hermenn, sem þær geta varla einu sinni talað við, hvað þá að þær viti á þeim nokkur deili, þá er leiðin til skilnings á orsökunum ekki sú að spyrja: Hver er manneskjan? — heldur: Hvert er samfélagið?

Reykjavík má að mörgu leyti vera hreykin af sínum æskulýð; það er sennilega óviða í borgum jafnalmennur myndarbragur á ungu fólki eins og hér. En Reykjavík hefur ekki að sama skapi rækt skyldur sínar við þetta unga fólk. Henni hefur láðst að taka til alvarlegrar athugunar þungamiðjuna í félagslegu uppeldi unga fólksins: tómtundalíf þess. Af hálfu bæjarfélagsins hafa ungu fólki verið veitt næsta fá tækifæri til að verja tómtundum sínum þannig, að því mætti verða þroski að og aukinn manndómur. Bæjarfélagið hefur að vísu veitt íþróttafélögnum allgóðan stuðning. En að öðru leyti hefur það vísað æskulýðnum með tómtundir sínar inn í kvikmyndahúsin, þar sem einn innihaldslaus reyfarinn rekur annan, inn á dansleiki, þar sem ríkt hafa sjónarmið hinna skilyrðislausu vínveitinga, en þó fyrst og fremst inn í sjoppurnar. Reykjavík hefur sí og æ verið að auka fjárfestingu sína í sjoppum, á sama tíma og hún hefur vanrækt að festa fé í þeim verðmætum framtíðarinnar, sem æskulýðurinn hefur að geyma. Hún hefur boðið æskulýð sínum upp á ameríska kvikmyndaheimsku og brennivín í staðinn fyrir hollar skemmtanir. Hún hefur látið hana hafa sjoppur í staðinn fyrir þroskandi tómtundaheimili. — Og því er sem er.

Ástandið í sjoppunum og afleiðingar þess hafa lengi verið áhyggjuefni þeirra, sem þar hafa fylgt með málum. Þannig skrifaði t. d. Þorkell Kristjánsson grein í Foreldrablaðið á síðastliðnum vetri (2. tbl. 12. árg.) og lýsti því út frá náinni reynslu sinni, hvernig sjoppurnar væru eins konar miðstöðvar illra áhrifa fyrir unglíngana, kynningarstaðir, þar sem hinir yngri og „óreyndari“ leiddust út á

háskalegar brautir með hinum eldri og „reyndari“. Taldi Þorkell, að þegar unglingar lentu á glapstígum, þá væri upphafsins allajafna að leita í sjoppunum. En síðan þessi grein hans var skrifuð hefur erlendur her settur í landið og gerzt heimgangur í sjoppunum, með þeim afleiðingum, sem lýst var hér að framan. Ofan á hið fyrra ófremdarástand hefur sem sé bætt sú staðreynd, að sjoppurnar eru orðnar kynningarstaðir fyrir íslenzkar unglingstelpur og erlenda hermenn. Það, sem var áður alvarlegt höl, er nú orðið hinn ægilegasti voði.

Æskulýðshallarmálið á sér langa sögu, sem ekki verður rakin hér, enda sjálf-sagt kunnug flestum alþingismönnum. Munu fá mál vinsælli en það. Allir stjórnmálaflokkar hafa gert það að sínu máli, opinberir valdamenn hafa lýst yfir stuðningi við það, æskulýðsfélögin í Reykjavík hafa stofnað með sér bandalag til að vinna að framgangi þess. Það hefur átt að fagna mörgum fögrum lofordum, en efndirnar hafa viljað bregðast því. Raunhæfar framkvæmdir í málinu hafa dregizt. — Svo mun ráð fyrir gert, að Bandalag æskulýðsfélaganna í Reykjavík leggi fram 10% af byggingarkostnaði æskulýðshallarinnar, Reykjavíkurbær 50% og ríkið 40% og framkvæmd málsins verði síðan að mestu í höndum Bandalagsins. Fjárframlög ríkis og bæjar hafa engin orðið til þessa. En skylt er að geta þess, að Reykjavíkurbær hefur þegar látið ókeypis lóð undir æskulýðshöllina.

Það þarf ekki heldur að hafa mörg orð um þá starfsemi, sem verða á í æskulýðshöllinni, svo mjög hefur það mál verið rætt í blöðum og á mannfundum. Að vísu eru skoðanir í þeim efnum ekki allar samhljóða, en framkvæmdir í málinu munu þó varla tefjast af þeim sökum, þegar nægilegt fjármagn er á annað borð fyrir hendi. Er Bandalagi æskulýðsfélaganna í Reykjavík fyllilega trúandi til að jafna ágreininginn og samræma sjónarmiðin, þannig að giftusamleg eining haldist í málinu. Og um aðalatriðin munu allir sammála, að æskulýðshöllin skuli vera miðstöð fyrir félagslíf unga fólksins, íþróttaiðkanir þess, skemmtanir þess og annað tómtundalíf. Leikur enginn efi á því, að æskulýðshöllin mun draga til sín unga fólkið, bjarga því úr óhollustu núverandi sjoppulífs og brennivínsdansleikja og veita því siðferðislega vernd hollra skemmtana og þroskandi tómtundalífs, styrkja það í félagslegu tilliti, gera það að traustum og góðum Íslendingum. Æskulýðshöll er lausnin á þeim mikla vanda, sem ríkjandi er í æskulýðsmálum höfuðborgarinnar.

Hér að framan var einkum rætt um þann siðferðishásk, sem ungum stúlkum er búinn af því ástandi, sem skapast hefur við komu erlendra hermanna til landsins. Þó er þetta ekki nema eitt atriði í miklu viðtækara máli, því að öllum hugsandi mönnum má vera ljóst, að með dvöl erlendra hermanna í landinu hefur þjóðlegu menningarþreki æskulýðs okkar verið stefnt í hættu, og þannig er hér um að ræða brýnt sjálfstæðismál, sem þjóðin ætti öll að geta sameinast um, enda hefur fjöldi félaga og annarra samtaka þegar látið í ljós fullan skilning á alvöru þess og hvatt æskuna til að gæta í hvivetna virðingar sinnar sem Íslendinga gagnvart hinum erlendu hermönnum. Má þar t. d. vitna til ályktunar þeirrar, sem gerð var á sambandsráðsfundi Ungmennafélags Íslands 30. sept. s. l., en hún hefst á þessum orðum:

„Í tilefni af dvöl erlends hers í landinu og í samræmi við stefnu ungmennafélagshreyfingarinnar fyrr og síðar heitir sambandsráðsfundurinn á alla Íslendinga að hefja öflugan sókn fyrir varðveizlu sjálfstæðis þjóðarinnar — lagalegs og menningarlegs.“

Því verður ekki trúað, að vilji Alþingis í þessu máli sé annar en hinna margvíslegu félagssamtaka þjóðarinnar. Og með því m. a. að samþykkja tillögu þá, sem hér er flutt, gæti Alþingi sýnt í verki þann vilja sinn, að íslenzk æska verði eftir megni vernduð fyrir þeirri hættu, sem þjóðlegu menningarþreki hennar og þar með sjálfstæði þjóðarinnar er búin af dvöl erlendra hermanna í landinu. Með fullkominni æskulýðshöll í Reykjavík yrði reist það virki, sem úrslitapýðingu mundi hafa til sóknar og varnar í þeirri baráttu.